

Viðhorfakönnun

- *meðal námsmanna í framhaldsfræðslu hjá Fræðslunetinu*

Unnið af Gæðaráði Fræðslunetsins

vorið 2025

Inngangur

Gæðaráð Fræðslunetsins hefur umsjón með gæðamálum stofnunarinnar. Um er að ræða vinnu við innra mat og umsýslu í kringum ytra mat, þ.e. EQM+ gæðakerfið. Gæðaráð vinnur samkvæmt verkáætlun sem sett er til nokkurra ára í senn.

Eitt af verkefnum Gæðaráðs er að kanna hvernig nemendur í framhaldsfræðslunni upplifa námsaðstæður sínar og þjónustu Fræðslunetsins. Vorið 2025 var komið að slíkri könnun.

Gæðaráð birtir niðurstöður úr könnunum reglulega á vefsvæði sínu www.fraedslunet.is.

Í gæðaráði störfuðu við gerð þessarar könnunar:

Björk Guðnadóttir

Eyjólfur Sturlaugsson

Lilja Össurardóttir

Framkvæmd




Gæðaráð ákvað að nota sömu viðhorfakönnun og var viðhöfð árið 2022. Með því mætti fá dýrmætan samburð um þróun mála. Eftir að hafa lesið könnunina vel yfir var ákveðið að breyta þar engu.

Könnunin var lögð fyrir alla námsmenn sem voru í „lengra“ námi á vottuðum námsbrautum hjá Fræðslunetinu. Framlagning fór þannig fram að verkefnastjóri, sem tengdist mest námsmönnum, sendi á þá tölvupóst með hlekk á könnunina. Að tveimur vikum liðnum sendi hann ítrekun með sama hætti. Alls fengu um 60 manns boð um að taka þátt og 40 svöruðu, sem er um 67% svörun.


Í úrvinnslu voru niðurstöður úr könnun frá 2022 færðar inn í töflu og gert myndrit í kjölfarið sem sýnir glögg niðurstöður úr báðum könnunum og samanburðinn á milli þeirra. Í lok skýrslunnar er samantekt á því helsta sem úr könnuninni kom.

Niðurstaða úr könnuninni var kynnt og rædd meðal allra starfsmanna á starfsdögum Fræðslunetsins í júní 2025.


Niðurstöður




Stuðningur námsráðgjafa er góður




INNA er gott námsumhverfi




Lífs- og starfsreynsla mín nýtist mér vel í náminu




Ég hef tækifæri til að hafa áhrif á skipulag námsins




Námið hentar vel með vinnu




Námsgjöldin eru sanngjörn




Ég hef tækifæri til að hafa áhrif á innihald námskeiða




Húsgögnin eru góð




Lýsing í kennslustofum er góð




Loftgæði í kennslustofum eru góð




Hreinlæti í kennslustofum er gott




Hljóðvist í kennslustofum er góð




Mér líður vel í náminu




Ég á gott með að samþætta vinnu og nám




Álagið sem fylgir náminu í heild sinni er hæfilegt




Ég finn fyrir streytueinkennum vegna námsins






Námið hefur aukið sjálfstraust mitt




Ég legg mig fram í náminu







Ég upplifi mig sem hluta af hópnum þegar ég er í fjarnámi





Hópvinna gengur vel í Teams



Það hentar mér betur að hlusta á fyrirlestra á netinu heldur en í kennslustofu





Jákvæð upplifun

Yndislegt viðmót kennara

Var í góðum hópi

Flestir kennarar eru frábærir og mjög tilbúnir að veita aðstoð. Utanumhaldið er líka mjög gott og námsráðgjafar til fyrirmyndar.

Elska að geta tekið áfangana á stuttum tíma

Mjög skemmtilegt nám og sé ekki eftir því að hafa skráð mig.

Lærdómsríkt

Kennararnir eru frábærir í alla staði.

I think some explanations in English for the non native students will be appreciated, especially concerning the projects that the students have to manage with.

Mér finnst mjög jákvætt hvað það var lögð góð áhersla á umræður í tímum, umræður um námsefnið gerir mikið fyrir mig.

Góðir kennarar.

Frábærir tímar.

Ég hef ekki stundað nám í mörg ár og þessi uppsetning finnst mér vera mjög góð. Þarf bara að skipuleggja sig betur.

Allt mjög gott.

Acquiring new knowledge, getting more experience and meeting new people

Neikvæð upplifun

Mér finnst að sumir kennarar þyrftu að læra betur inn á teams. Innan mætti vera uppfærð reglulega. Sérlega hvað einkunnir varðar.


Mér fannst kennarar, umhverfið, námsefnið og Eydís allt til fyrirmyndar.

Það eina sem mér fannst neikvætt var í einum áfanganum var að það var lært um aðeins eitt málefni alla tímuna, hefði viljað hafa það mikið fjölbreyttara.

Ekkert tengt náminu beint en ég var mjög kvíðin með námsefnið sem þurfti alltaf að lesa, því mér fannst oftast vera frekar mikið.

Erfitt þegar það er spurning dagsins og þarf að skila fyrir 12 að hádegis.

Not always enough time to give my 100%



Samantekt

Á heildina lítið kemur þessi viðhorfskönnun vel út. **Almennt verður ekki annað lesið úr könnuninni en að námsaðstæður og námsreynsla nemenda á námsbrautum FA hjá Fræðslunetinu sé í hvívetna góð.**

Einhverjar breytingar má greina milli ára 2022 og 2025 og sömuleiðis getur Fræðslunetið í einhverjum tilvikum spurt sig hvort það geti gert betur. Hér á eftir fer fram samantekt á þeim þáttum eingöngu.

Bakgrunnsupplýsingar:

1. Kynhlutföll hafa breyst lítillega. Hlutfallslega hefur karlmönnum í námi fjölgað um tæp 3% á milli kannanna. Engu að síður eru kvenmenn í miklum meirihluta eða 87%.
2. Þátttaka námsmanna á vinnumarkaði meðan á námi stendur hefur aukist allnokkuð. Árið 2025 eru 65% námsmanna í fullri vinnu með námi og hefur það hlutfall aukist um 14%.
3. Þá er námshópurinn einnig greinilega eldri árið 2025 en hann var árið 2022. Hér munar mestu hversu mikið hefur fækkað í yngsta aldursflokknum 18 – 19 ára, en þar er fækkunin 21%.

Upplifun á námi:

1. Fleiri upplifa góðan stuðning námsráðgjafa nú vorið 2025 heldur en árið 2022. Alls eru 78% mjög sammála þeirri fullyrðingu nú, á móti 65% árið 2022.
2. Jákvæðni í garð Inna sem námsumhverfis hefur greinilega vaxið. Þeir sem eru mjög sammála fullyrðingunni að Inna sé gott námsumhverfi fór úr 63% árið 2022 upp í 73% árið 2025.
3. Veruleg jákvæð breyting hefur orðið á viðhorfum gagnvart námsgjöldum. Árið 2022 voru 77% mjög sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að námsgjöldin væru sanngjörn. Nú árið 2025 var þetta hlutfall 93%. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að flestir svarendur eru nemar á löngum og dýrum námsbrautum eins og félagslíðagátt, menntastöðum og leikskólaliðabrá.
4. Fleiri námsmenn upplifa nú árið 2025 að þeir hafi tækifæri til að hafa áhrif á innihald námskeiða. Alls segja 30% svarenda núna vera mjög sammála þeirri fullyrðingu á móti 16% 2022. Aðeins 3% eru frekar ósammála nú á móti 9% árið 2022. Það er kennslufræðilega álitíð gott ef reynsla og þekking fullorðinna er nýtt í náminu og svo virðist sem námsmenn Fræðslunetsins upplifi aukin tækifæri til slíks.

Upplifun á námsaðstæðum:

1. Hvað varðar húsgögn, lýsingu í kennslustofum og loftgæði í kennslustofum eru ekki miklar breytingar á milli ára 2022 og 2025 og jákvæðni gagnvart þessum námsaðstæðum er há. Þó ber svo við að nú árið 2025 eru í fyrsta sinn 5 – 8% svarenda sem eru frekar ósammála fullyrðingum um ofangreinda þætti og mætti Fræðslunetið gefa því gaum.

Líðan í námi:

Engar sérstakar breytingar voru merkjanlegar í svörum milli ára 2022 og 2025 hvað varðar líðan í námi. Almennt kemur hún vel út.

Upplifun á fjarnámi:

2. Fleiri voru sammála þeirri fullyrðingu að fjarnám sparaði tíma nú árið 2025 en árið 2022. Alls voru 83% svarenda sammála (þar af 60% mjög sammála) nú á móti 75% árið 2022. Einnig er heldur jákvæðari svörun við fullyrðingunni „fjarnámsmöguleikinn er forsenda þess að ég geti verið í námi“.
3. Sterkari og jákvæðari svörun er við fullyrðingunni „ég upplifi mig hluta af hópnum þegar ég er í fjarnámi“. Alls voru 60% mjög sammála þeirri fullyrðingu nú á móti 47% árið 2022.
4. Einnig var jákvæðari svörun við fullyrðingunni „hópavinna gengur vel í Teams“. Alls sögðust 50% svarenda vera mjög sammála þeirri fullyrðingu nú á móti 40% árið 2022.
5. Þá hefur orðið verulegur munur á því hversu oft nemendur hlusta á fyrirlestur á netinu. Árið 2025 sögðust 35% hlusta á fyrirlestur þrisvar eða oftár á móti 13% árið 2022. Á móti hefur þeim sem hlusta bara einu sinni á fyrirlesturinn fækkað verulega eða úr 45% árið 2022 í 27% árið 2025.

Heildareinkunn:

1. Heildareinkunn sem svarendur gáfu Fræðslunetinu hefur hækkað allnokkuð á milli ára. Námsmenn svöruðu á skalanum 1 – 5 þar sem fimm er best. Alls gáfu 83% svarenda einkunnina 5 nú á móti 60% árið 2022. Eins og árið 2022 gáfu engir námsmenn Fræðslunetinu einkunnina 2 eða 1.